# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.**

*Deiliskipulag fyrir þéttingu byggðar í Innbæ á Höfn.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti deiliskipulag fyrir þéttingu byggðar í Innbæ á bæjarstjórnarfundi þann 16. apríl 2020.

Í deiliskipulaginu er mörkuð stefna um þéttingu byggðar í Innbæ á Höfn þar sem bætt er við 8 nýjum íbúðarlóðum og gert ráð fyrri byggingu einbýlis- og raðhúsa auk gatnagerðar, bílastæða, gangstétta og göngustíga. Deiliskipulagið tekur einnig til 16 þegar byggðra lóða og gerð er grein fyrir heimiluðu byggingarmagni.

Málsmeðferð var skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsstofnun hefur afgreitt deiliskipulagið.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Sveitarfélaginu Hornafirði, 28. janúar 2021.*

**Brynja Dögg Ingólfsdóttir,** umhverfis- og skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2021